



Umhverfis- og heilbrigðisráð
101 Reykjavík

Reykjavík, 16. september 2021
Tilvísun: 2021090117/25.23

Efni: Svar HER - Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hávaðamælingu á hafnarsvæði Sundahafnar

Vísað er til tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hávaðamælingu á hafnarsvæði Sundahafnar sem var tekið fyrir á fundi borgarráðs 12. ágúst s.l. sem vísað var til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs. Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) hefur í gegnum tíðina borist kvartanir vegna hávaða frá atvinnustarfsemi sem á sér stað á hafnarsvæði Sundahafnar. Kvartanir hafa verið skráðar og hefur HER verið í sambandi við atvinnurekendur á svæðinu í kjölfarið. Nokkur fjöldi hljóðmælinga vegna þessa hávaða hafa verið gerðar og má þá nefna eftirfarandi dæmi. Skýrslur Eflu fyrir Faxaflóahafnir dags. 25.06.2015 og 10.09.2015 með niðurstöðum hljóðmælinga annars vegar frá Vogabakka og hins vegar við Kambsveg. Einnig hefur HER framkvæmt mælingar og eru niðurstöður þeirra meðfylgjandi. Niðurstöður hljóðmælinga hafa staðfest að af starfseminni er ónæði og hefur HER gert kröfu á atvinnurekendur á svæðinu að afhenda HER úrbótaáætlun þar sem fram kemur hvernig lágmarka eigi ónæði vegna starfseminnar. Barst úrbótaáætlun frá Eimskip þann 30. apríl s.l. Auk þess fól Eimskip Eflu að framkvæma nýja hljóðmælingu s.l. sumar og er beðið eftir niðurstöðum þeirrar mælingar og hefur HER ítrekað ósk sína um niðurstöður þeirra. Málið er því enn í vinnslu hjá HER sbr. ofangreint.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Helgi Guðjónsson
Heilbrigðisfulltrúi

Meðfylgjandi:

Hljóðmæling HER við Efstasund 3, 11. febrúar til 8. mars 2021
Bréf til HER 30 apríl 2021 - hávaði frá starfsemi í Sundahöfn
2199-019-02-SKH-003 Niðurstöður hljóðmælinga við Vogabakka
2199-019-02-SKH-006 Niðurstöður hljóðmælinga við Kambsveg